



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reglur Reykjavíkurborgar um akstursþjónustu aldraðara.

Á fundi velferðarráðs þann 15. mars 2018, var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðstjóra, dags. 6. mars 2018, ásamt fylgigögnum:

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu að nýjum reglum Reykjavíkurborgar um akstursþjónustu aldraðra ásamt gjaldskrá um akstursþjónustu aldraðra.

Greinargerð fylgir tillögu.
Samþykkt.

Erindi er hér með sent borgarráði til samþykktar.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskar eftir því að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu framangreindra reglna í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,

Dís Sigurgeirsdóttir,
Skrifstofustjóri



Lagt fyrir fund velferðarráðs 15. mars 2018

Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð Reykjavíkurborgar

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Tillaga sviðsstjóra

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu að nýjum reglum Reykjavíkurborgar um akstursþjónustu aldraðra ásamt gjaldskrá um akstursþjónustu aldraðra.

Greinargerð:

Núgildandi reglur um akstursþjónustu eldri borgara í Reykjavík voru samþykktar á fundi velferðarráðs þann 19. október 2005 og á fundi borgarráðs þann 24. nóvember 2005. Reglurnar tóku gildi þann 1. janúar 2006 og eru settar með vísan til ákvæða X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Lagt er til að heiti regnanna verði breytt og í stað þess að vísað sé til eldri borgara verði vísað til aldraðra og er það í samræmi við X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Breytingarnar á reglunum lúta að mestu að uppsetningu regnanna og orðalagi þeirra þar sem ástæða þótti til að samræma reglurnar öðrum gildandi reglum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Þó er gerð breyting á 5. gr. regnanna þar sem lagt er til að þjónustutími verði lengdur til samræmis við núverandi framkvæmd. Þá er einnig lagt til að ákvæði um lækkun á greiðslu verði færð úr gildandi gjaldskrá í nýjar reglur um akstursþjónustu aldraðra. Er það talið skýrara að hafa öll ákvæði er lúta að réttindum einstaklinga í reglunum og ákvæði er lúta að gjaldtöku í gjaldskrá.

Ekki er gert ráð fyrir auknum kostnaði vegna tillögunnar.

Fylgiskjöl:

1. Reglur Reykjavíkurborgar um akstursþjónustu aldraðra.
2. Gjaldskrá velferðarsviðs um akstursþjónustu aldraðra.

Reglur Reykjavíkurborgar um akstursþjónustu aldraðra

I. kafli

Almenn ákvæði

1. gr.

Markmið

Markmið með akstursþjónustu aldraðra er að gera öldruðum einstaklingum í Reykjavík kleift að búa lengur heima.

II. kafli

Umsókn um þjónustu og skilyrði fyrir þjónustu

2. gr.

Umsókn og fylgigögn

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar annast afgreiðslu umsóknar um akstursþjónustu aldraðra. Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um fyrir sína hönd.

Umsókn um gjaldalækkun samkvæmt 9. gr. reglna þessara skal senda til þjónustumiðstöðvar í því hverfi þar sem umsækjandi á lögheimili. Sé umsókn samþykkt tekur gjaldalækkun strax gildi en gildir þó ekki afturvirk.

Þjónustumiðstöð er heimilt að óska eftir nánari gögnum og/eða upplýsingum um umsækjanda, með hans samþykki.

Umsókn skal metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér þjónustu almenningsvagna og/eða aðra ferðamöguleika.

3. gr.

Skilyrði fyrir samþykki umsóknar

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til að umsókn verði samþykkt og verða skilyrðin að vera uppfyllt á meðan umsækjandi fær akstursþjónustu aldraðra:

1. Umsækjandi skal eiga lögheimili í Reykjavík.
2. Umsækjandi skal vera 67 ára eða eldri.
3. Umsækjandi skal búa sjálfstætt.
4. Umsækjandi skal vera ófær um að nota almenningsgöngur vegna langvarandi hreyfihömlunar.¹

¹ Með langvarandi hreyfihömlun er átt við að lágmarki þriggja mánaða hreyfihömlun þar sem talið er að þá sé liðinn það langur tími til að ætla megi að kostnaður vegna ferða hafi áhrif á fjárhag viðkomandi.

5. Umsækjandi hefur ekki aðgang að eigin bifreið.

Akstursþjónusta er ekki veitt þegar um tímabundna hreyfihömlun er að ræða, s.s. vegna beinbrota og hnjáliðaskiptaaðgerða. Í þeim tilvikum þar sem einstaklingar fá eingöngu lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, eru félagslega einangraðir og hafa lítið fjölskyldunet, er heimilt að veita akstursþjónustu þó um skemmri en þriggja mánaða hreyfihömlun sé að ræða.

Hafi notandi sem orðinn er 67 ára fengið þjónustu á grundvelli reglna um ferðaþjónustu fatlaðs fólks fyrir þann aldur á hann rétt á þeirri þjónustu áfram á meðan þörf krefur.

Þeir sem hafa fengið styrk til bifreiðakaupa frá Tryggingastofnun ríkisins og þeir sem njóta bensínstyrks skulu alla jafna ekki njóta réttar til akstursþjónustu samkvæmt reglum þessum.

4. gr.

Gildistími umsóknar

Gildistími samþykkrar umsóknar skal taka mið af þörf hvers og eins. Miða skal við að umsókn sé að jafnaði ekki samþykkt lengur en til eins árs í senn. Þjónustumiðstöð skal upplýsa notanda að jafnaði tveimur mánuðum áður en samþykkt umsókn rennur úr gildi.

Notandi skal upplýsa þjónustumiðstöð um breytingar á högum sínum. Ef um er að ræða verulegar breytingar á högum umsóknaraðila eftir að umsókn hefur verið samþykkt er þjónustumiðstöð heimilt að endurskoða gildistíma samþykkis fyrir akstursþjónustu aldraðra.

Þegar umsækjandi hefur fengið samþykka umsókn getur hann snúið sér beint til rekstraraðila.

III. kafli

Framkvæmd akstursþjónustunnar

5. gr.

Þjónustutími

Akstursþjónusta aldraðra er í boði á eftirtöldum tímum:

Virka daga frá kl. 6:30 til kl. 01:00.

Laugardaga frá kl. 8:00 til kl. 01:00.

Sunnudaga frá kl. 11:00 til kl. 01:00.

Akstur á stórhátíðardögum er eins og á sunnudögum að undanskildum aðfanga- og gamlárdegi. Þá daga er akstursþjónusta til kl. 17:00.

Miðað er við að ferðir hefjist innan þjónustutíma.

6. gr.

Tilhögun ferða

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur frá einum stað til annars, innan þjónustusvæðis samkvæmt reglum þessum.

Panta verður ferð fyrir kl. 14.00 daginn áður en ferð er farin. Afpöntun ferðar skal vera með sem mestum fyrirvara, helst deginum áður, en í undantekningartilvikum þremur klukkustundum fyrir fyrirhugaða ferð. Að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri.

Notandi skal vera tilbúinn til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma. Við sérstakar aðstæður skal veita notanda aðstoð við að komast frá brottfararstað í bílinn. Ekki er beðið á meðan notandi sinnir erindi sínu. Bílstjórum er ekki heimilt að sinna sendiferðum fyrir notanda.

Akstursþjónusta aldraðra er sérhæfð þjónusta og þurfa notendur því að vera viðbúinir töfum eða breytingum á áætlun, s.s. vegna færðar og umferðartafa á annatímum.

7. gr.

Aðrir farþegar/aðstoðarmenn

Notendum er heimilt að hafa með sér annan farþega sé það tekið fram þegar pantað er enda greiði farþegi sama gjald og umsækjandi.

Geti notandi ekki ferðast einn að mati þjónustumiðstöðvar er hægt að krefjast þess að aðstoðarmaður fylgi notanda. Fyrir aðstoðarmann er ekki greitt fargjald.

8. gr.

Gjald, fjöldi ferða og þjónustusvæði

Gjald fyrir akstursþjónustu aldraðra skal miðast við gjaldskrá velferðarsviðs um akstursþjónustu aldraðra.

Hámarksfjöldi ferða er 30 ferðir á mánuði.

Þjónustusvæði akstursþjónustu aldraðra er Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Reykjavík, Seltjarnarnes og Mosfellsbær.

9. gr.

Lækkun greiðslu

Ef tekjur umsækjanda og maka hans eru undir eða við tekjuviðmið Tryggingastofnunar ríkisins er unnt að sækja um lækkun greiðslu og greiða þá sem samsvarar almennu fargjaldi skv. gjaldskrá Strætó bs. hverju sinni fyrir fyrstu 16 ferðirnar á mánuði. Gjald samkvæmt gjaldskrá akstursþjónustu aldraðra skal greitt fyrir hverja ferð umfram 16 ferðir.

Heimilt er að veita þeim sem hafa allt að 5% umfram viðmiðunartekjur lækkun á greiðslu. Unnt er að leggja fram sérstakt erindi á þjónustumiðstöð með beiðni um lækkun.

Aðrar bætur sem greiddar eru til lífeyrisþega frá Tryggingastofnun ríkisins umfram viðmiðunartekjur skal reikna sem umframtekjur. Greiðslur vegna sjúkra- og lyfjakostnaðar teljast ekki til tekna í þessu sambandi.

III. kafli

Önnur ákvæði

10. gr.

Akstur í dagvist fyrir aldraða

Um akstur í dagvist fyrir aldraða fer samkvæmt 13. gr. laga 125/1999 um málefni aldraðra og reglugerð nr. 45/1990 um dagvist aldraðra er kveður á um skyldu rekstraraðila til að annast um og bera kostnað af flutningsþjónustu fyrir þá sem dagvistina sækja, til og frá heimili sínu.

11. gr.

Akstur fyrir aldraða til og frá stofnunum

Reglur þessar gilda ekki um akstursþjónustu fyrir aldraða sem eru á stofnunum s.s. hjúkrunarheimilum og þurfa að leita þjónustu utan stofnunarinnar, s.s. sérfræðilæknishjálpar, rannsókn- og sjúkraþjálfunar, sbr. ákvæði 14. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 þar sem fram kemur að slíkum stofnunum beri að tryggja að þar sé veitt hjúkrunar- og lækniþjónusta auk endurhæfingar.

12. gr.

Samráð og úttekt

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar kynnir tölfraðilegar upplýsingar og framkvæmd þjónustunnar árlega fyrir stjórn Félags eldri borgara.

V. kafli

Málsmeðferð

Um málsmeðferð fer samkvæmt XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

13. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um akstursþjónustu aldraðra hefur borist. Sama á við ef þjónustumiðstöð berast upplýsingar um nauðsyn á akstursþjónustu með öðrum hætti.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

14. gr.

Samvinna við umsækjanda

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

15. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

16. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna umsóknar um akstursþjónustu aldraðra.

17. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn viðkomandi þjónustumiðstöðvar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

Velferðarráð Reykjavíkurborgar hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og notandi fer fram á það með sérstakri beiðni til áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar innan fjögurra vikna frá því notanda barst vitneskja um ákvörðun. Velferðarráð skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

18. gr.

Kynning á ákvörðun um akstursþjónustu aldraðra

Kynna skal niðurstöðu umsóknar um akstursþjónustu aldraðra fyrir umsækjanda með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal notandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða reglna þessara og/eða annarra reglna eða laga, eftir því sem við á.

Ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

19. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur skotið ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var kunngerð ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

20. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar með stoð í X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og kveða þær á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er heimilt að veita. Reglur þessar öðlast gildi við birtingu og falla þá eldri reglur um akstursþjónustu eldri borgara í Reykjavík úr gildi.

Gjaldskrá velferðarsviðs um akstursþjónustu aldraðra

1. gr.

Greiðsla

Gjald fyrir hverja ferð hjá akstursþjónustu aldraðra er kr. 1.185 óháð fjölda ferða.

2. gr.

Gjaldskylda ónýttar þjónustu

Greiða skal fyrir pantaðar ferðir þegar forföll hafa ekki verið tilkynnt. Afpöntun ferðar skal vera með sem mestum fyrirvara, helst deginum áður, en í undantekningartilvikum þremur klukkustundum fyrir fyrirhugaða ferð. Að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri.

3. gr.

Gildistaka

Gjaldskrá þessi tekur gildi við gildistöku reglna Reykjavíkurborgar um akstursþjónustu aldraðra. Eldri gjaldskrá um akstursþjónustu eldri borgara fellur þá úr gildi.